

Fundarnúmer:	539
Dagsetning:	28.04.2008
Tími:	10:00
Staður:	Fundarsalur Ráðhúss

539. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 28. apríl 2008 kl. 10:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Viðræður við Valgerði Bjarnadóttir, verkefnisstjóra Reykjahöfða ehf.
2. Viðræður við Guðmund H. Sigurðsson, formann USVH.
3. Erindi Jóns Lofts Ingólfssonar frá 538. fundi. Samkomulag um flutning greiddra gatnagerðar- og tengigjalda.
4. Upplýsingar frá aðalfundi Selaseturs Íslands ehf.
5. Fundarboð Sparisjóðsins í Keflavík.
6. Aðalfundarboð Veiðifélags Miðfirðinga.
7. Erindi Sigurðar H. Arnarsonar, Halldórs E. Gunnarssonar og Daníels G. Sigurðssonar.

Afgreiðslur:

1. Að beiðni Valgerðar Bjarnadóttur er viðræðum hennar við byggðarráð frestað um óákveðinn tíma.
2. Til fundar með byggðarráði eru mætt Guðmundur H. Sigurðsson, formaður USVH og Anna María Elíasdóttir, framkvæmdastjóri USVH. Greindu þau frá samþykkt 67. Héraðsþings USVH um að leita eftir stuðningi frá Húnaþingi vestra við umsókn USVH um að halda Unglingalandsmót UMFÍ árið 2010. Samþykkt var að fulltrúar USVH muni afla nánari upplýsinga varðandi undirbúning umsóknarinnar og koma þeim upplýsingum til sveitarstjórnar hið fyrsta. Fulltrúar USVH óskuðu jafnframt eftir því að sameiginlega mundu þessir aðilar skipa nefnd til að meta atriði er tengjast umsókn USVH um að halda ungingalandsmót UMFÍ m.a. hvað varðar uppbyggingu og endurbætur íþróttamannvirkja, kostnaðaráætlun o.fl. Frekari umræðu og afgreiðslu vísað til sveitarstjórnar.
3. Fram lögð drög að samkomulagi sem sveitarstjóri og oddviti hafa gert við Jón Loft Ingólfsson og Elísu Sigríði Guðmundsdóttur þar sem Húnaþing vestra fellst á að heimila flutning á greiddum gatnagerðargjöldum ásamt tengigjöldum holræsa, vatnsveitu og hitaveitu af lóðinni Norðurbraut 10 á lóðina Bakkatún 1 á Hvammstanga. Samkomulagið er með fyrirvara um að skipulags- og umhverfissráð og sveitarstjórn úthluti Jóni Lofti lóðina að Bakkatúni 1. Samkomulagið gildir til 1. maí 2009. Einnig lagt fram afsal þar sem Jón Loftur og Elísa Sigríður afsala til Húnaþings vestra lóðinni að Norðurbraut 10. Afsalið er með þeim fyrirvara að skipulags- og umhverfissráð og sveitarstjórn úthluti Jóni Lofti byggingarlóðina að Bakkatúni 1. Byggðarráð samþykkir framlagt samkomulag og afsal og vísar afgreiðslu til sveitarstjórnar. Byggðarráð samþykkir að vísa umsókn Jóns Lofts Ingólfssonar um úthlutun byggingarlóðarinnar að Bakkatúni 1 til umsagnar skipulags- og umhverfissráðs.
4. Fram lagðar til kynningar upplýsingar frá aðalfundi Selaseturs Íslands ehf.
5. Fram lagt fundarboð Sparisjóðsins í Keflavík þar sem stofnfjáreigendur eru boðaðir til fundar á veitingahúsinu Ránni, Hafnargötu 19 þann 28. apríl 2008 kl. 17:00. Byggðarráð samþykkir að Heimir Ágústsson fari með umboð Húnaþings vestra á fundinum.
6. Fram lagt aðalfundarboð Veiðifélags Miðfirðinga. Fundurinn verður haldinn í Laxahvammum þann 2. maí nk. kl. 20:30. Samþykkt að oddviti verði fulltrúi Húnaþings vestra á fundinum og formaður byggðarráðs til vara. Oddur Sigurðarson lagði fram bókun þar sem hann gerir alvarlegar athugasemdir við orðalag 2. gr. draga að leigusamningi Veiðifélags Miðfirðinga við Lax-á ehf. þar sem upphafspunktur vísitölu neysliverðs kemur eigi fram né krónutöluupphæð

miðað við þann punkt.

7. Erindi Sigurðar H. Arnarsonar, Halldórs E. Gunnarssonar og Daníels G. Sigurðssonar lagt fram. Í erindinu óska þeir eftir fjárstyrk frá Húnaþingi vestra vegna upptöku ferðapátta nú í sumar. Þættirnir verða teknir upp á Íslandi m.a. í Húnaþingi vestra og svo í Bandaríkjunum. Byggðarráð felur sveitarstjóra að kynna bréfiturum starfsemi Menningarráðs Norðurlands vestra þar sem ýmiss menningartengd verkefni njóta styrkja.

Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 12:15.

Rakel Runólfsdóttir(sign.), Skúli Þórðarson(sign.),
Þ. Karl Eggertsson(sign.), Stefán Böðvarsson(sign.).

Áheyrnarfulltrúi:

Oddur Sigurðarson(sign.).